

Sameining stofnana

Athugasemdir Heyrnar-og Talmeinastöðvar Íslands til Velferðarnefndar varðandi frumvarp til laga um nýja þjónustumiðstöð

Heyrnar-og Talmeinastöð Íslands (HTÍ) leggur áherslu á að:

HTÍ er Heilbrigðisstofnun, miðlæg miðstöð þekkingar sem veitir alhliða heilbrigðisþjónustu við heyrnarskerta, heyrnarlausar og fólk með tal- og raddvandamál.

Stofnunin hefur yfir að ráða mikilli sérfræðiþekkingu á málefnum heyrnarskerðinga og talmeina og er í mikilli og náinni samvinnu við Landspítala Íslands, Háskóla Íslands o.fl.

Stöðin sinnir u.þ.b. 13 þúsund afgreiðslum á ári. 500 manns verulega heyrnarskertir/ heyrnarlausir, þar af um 180 manns döf (heyrnarlausir m/íslenskt táknmál), 80 kuðungsígræðsluþegar (heyrnarlausir m/talmál) og fer fjölgandi. 15-20 einstaklingar með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sem njóta þjónustu HTÍ og þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Þróun þjónustu heyrnarskertra er sífellt tækni- og læknisfræðimiðaðri og þróun þjónustu við heyrnarskerta á Norðurlöndum er að færast aftur nær íslenska þjónustumódelinu eins og það er í dag (samþætt þjónustuferli).

Viðhorf sem endurspeglast í frumvarpinu miðast um of við félagsmálaþjónustu að mati starfsfólks HTÍ.

Athugasemdir við frumvarp

1. Undirbúningur og aðdragandi frumvarps um sameiningu

Forsendur sameiningar eru ekki nægilegar ljósar. Er stefnt að sparnaði, bættri nýtingu fjármuna, fækkun ríkisstofnana, annað? Skýrsla Ríkisendurskoðunar nefnir t.d. : Sparnaður og hagkvæmni ef 4-5 stofnanir flytja í sama húsnæði ?

Skortir mat á fjárhagslegri hagræðingu, aðrir sameiningarkostir voru ekki skoðaðir nægilega, sameiginlegir markhópar skjólstæðinga þessara 3ja stofnana eru fáir og smáir, o.fl.

Þá er ljóst að áætlaður kostnaður vegna sameiningar er vanmetinn. Fjárlög fyrir 2015 sýna raun-samdrátt fjárframlags til stofnananna 3ja en ekkert viðbótarfé vegna fyrirhugaðrar sameiningar.

Þá lýsir starfsfólk HTÍ áhyggjum af því að sameining sé á verksviði Fél./Húsn. ráðherra en ekki Heilbrigðisráðherra. Ekki sé nægilegur skilningur á heilbrigðisþjónustu hjá höfundum frumvarps

og flest viðmið frá stofnunum úr félagsmálahluta. Þannig er frumvarpstexti að mestu byggður á lögum um PPM/GRR.

Einblínt er á 3ja stigs félagslega þjónustu og starfsfólki HTÍ þykir talað heldur niður til þeirra varðandi hlutverk þeirra og framlag.

Frumvarpið – 1.kafli, Almenn ákvæði, 1gr. Markmið og hlutverk:

„**Börn** með alvarleg frávík...fái greiningu og markvissa aðstoð“. „...tryggja aðgengi **fólks** að sérhæfðri þjónustu til að stuðla að virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins“

Tryggja þarf að bæði börn og fullorðnir hafi beinan aðgang að fullri þjónustu á öllum stigum heilbrigðisþjónustu.

1.kafli, 2.gr. Skipulag og stjórn

Starfsfólk HTÍ lýsir áhyggjum af því að ekki sé tryggt að fólk með sérfræðimenntun hafi forgang í stöður faglegra sviðsstjóra. „*Sérþekking á fagsviðinu*“ sé ekki nægileg menntunarkrafa.

(sjá Athugasemdir við einstakar greinar: Um 2.gr bls 11; misvísandi setningar)

Frumvarpið – 2.kafli, Verkefni og starfssvið, 4.gr. Þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur (bls 3)

HTÍ vekur athygli á Athugasemdum við einstakar greinar, Bls 12: Um 4.gr.:

—*...þótt stofnunin annist eftirfylgni með þeim einstaklingum sem njóta þjónustu hennar felst hún einkum í að styðja sveitarfélögin, sem bera ábyrgð á daglegri þjónustu við fatlað fólk, ..*

—*„Gert er ráð fyrir að einstaklingum sé vísað til miðstöðvarinnar að lokinni frumathugun hjá lækni eða öðrum þeim sem sinna slíkum athugunum...“* o.s.frv.

—(undantekning í næstu málsgrein): *„Er því gert ráð fyrir að stofnunin muni áfram sinna frumathugunum og skimunum og að ekki sé þörf á tilvísun til þess að leita til miðstöðvarinnar vegna gruns um heyrnar- eða talmein.“*

Skýring: Engir aðilar skima eða frumhuga/frumgreina t.d. heyrnarskerðingu nema HTÍ. HTÍ veitir alhliða heilbrigðisþjónustu þó stofnunin styðji einnig sveitarfélög. Þörf er á miðlægri þjónustustofnun þar sem lítil eða engin slík þjónusta er í boði hjá sveitarfélögum, heilsugæslu eða á einkamarkaði.

Um 4.gr. frh. (næst síðasta setning): „Meðferð og ráðgjöf skal miðast við að draga úr neikvæðum afleiðingum fötlunar eða langvinnis sjúkdóms með það að markmiði að auka getu einstaklings til sjálfstæðis, virkni og samfélagslegrar þátttöku.“ o.s.frv.

HTÍ telur nauðsynlegt að orðið „langvinnis“ falli brott þar sem starfsemi HTÍ tekur ekki aðeins til langvinnra sjúkdóma. Einnig þarf að bæta við markmiði þannig: „...með það að markmiði að lækna og líkna og auka getu einstaklings...“ o.s.frv.

Frumvarpið – 2.kafli, 5.gr. Útvegum hjálpartækja

HTÍ vekur athygli á eftirfarandi athugasemd um 5.grein á bls 13: „þarf þá einnig að gæta samræmis í greiðsluþátttöku vegna öflunar hjálpartækja hjá miðstöðinni annars vegar og Sjúkratrygginga Íslands hins vegar til að tryggja jafnræði þeirra sem til þeirra leita.“

Við lestur þessa vakna eftirfarandi spurningar:

- Verða heyrnar- og hjálpartæki gjaldfrjáls til allra 0-21 árs einstaklinga?
- Og/eða öll hjálpartæki til 0-21 árs einstaklinga hjá Sjúkratryggingum Íslands ?

Þá vantar skilgreiningu á hjálpartækjum

Skýring: Reglugerð mun fjalla um heyrnar- og hjálpartæki sem stofnunin mun útvega. Engu að síður ætti lagatexti að skilgreina þennan þjónustulið.

Frumvarpið – 3.kafli (Ýmis ákvæði), 9.gr. Rekstur og gjaldtaka (bls 4)

Frumvarp leggur til gjaldfrjálsa þjónustu við 0-18 ára og ungmenni á aldrinum 18-21 árs:

- Munu ungmenni 18-21 fá heyrnartæki ókeypis ? (breyting frá því sem nú er). Kostnaður ekki metinn í aðdraganda lagasetningar.
- Samkeppnislög eru hugsanlega brotin ef að öll talmeinaþjónusta verður gjaldfrjáls fyrir 0-18 (21) á nýrri stofnun þar sem að slíkt mismunar sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum.
- Munur er á gjaldtöku fyrir félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu hjá núverandi stofnunum (læknisverk, talmeinafr. o.fl) og nauðsynlegt að samræma gjaldtöku.

Ath: Um 9.gr: Greiðsluþátttaka í því sem telst vera heilbrigðisþjónusta. „... verði í samræmi við það sem gengur og gerist á heilbrigðisstofnunum“ . Tryggja þarf að skjólstæðingar skilji mismunandi gjaldtöku innan mismunandi deilda sömu stofnunar.

Frumvarpið – Ákvæði til bráðabirgða (bls 5)

Frumvarpið kveður á um óbreytt starfskjör starfsmanna sem boðið verður starf við nýja stofnun.

Mörg sambærileg störf eru unnin hjá stofnununum en mjög mismunandi launakjör milli núverandi stofnana. Lagfæring og samræming starfskjara eru nauðsynleg. Kostnaður hefur ekki verið metinn til þessa.

Aðrar athugasemdir HTÍ:

Inngangur bls 6:

Fyrsta setningin hljóðar svo: „*Frumvarpi þessu er ætlað að sameina í eina stofnun þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem hafa á hendi þjónustu við fatlað fólk.*“ Við vekjum athygli á því að þjónusta HTÍ snýr bæði að fötluðum og ófötluðum einstaklingum s.s. vegna forvarna og skimunar.

Inngangur fjallar um skýrslu Ríkisendurskoðunar:

—*„Ávinningur gæti orðið af því að fjórar til fimm þessara þjónustustofnana flyttust í sameiginlegt húsnæði.“* Er stefnt að samflutningi eða sameiningu ?

—*„bætt aðgengi notenda að þeir hefðu aðgang að heildstæðri þjónustu á einum stað“.* Ath: Mjög fáir einstaklingar sem nýta fleiri en 1 af þessum stofnunum.

—Mennta- og Menningarmálaráðuneytið hafði „*hafið könnun á því að SHH yrði gerð að stofnun innan vébanda Háskóla Íslands*“. Getur kennsla á ÍTM til notenda og útseld tulkþjónusta til einstaklinga og Ríkisstofnana verið innan vébanda málvísindadeildar hjá HÍ ?

HTÍ telur að ekki hafi nægilega skoðaðir sameiningarmöguleikar við skyldari stofnanir en þær sem nú skal sameina.

Inngangur I, bls 7:

Starfsfólki HTÍ þykir talað heldur niðrandi um starfsemi stöðvarinnar í kafla um 1-2-3ja stigs stofnanir á bls 7 (9 málsgrein, efst á síðu).

—Engu er líkara en að ný stofnun neyðist til að taka að sér þjónustu HTÍ „*þar sem ekki er til að dreifa aðilum sem geti tekið að sér þá þjónustupætti*“.

—Í 10.málsgrein er einnig hamrað á því að þjónusta nýrrar stofnunar sé „*...að miklu leyti félagslegs eðlis...*“ o.s.frv. Ekki er nægilega kveðið á um hlutverk stofnunarinnar sem veitanda heilbrigðisþjónustu.

HTÍ telur að ofangreindar málsgreinar lýsi vanþekkingu á mikilvægi og umfangi starfsemi HTÍ og hvetur Velferðarnefnd til að beita sér fyrir breytingu á lagatexta.

II Tilefni og nauðsyn lagasetningar (bls 7):

Texti um áherslur ríkisstjórnar um áherslur í velferðarmálum (lok 1.málsgreinar). HTÍ leggur áherslu á að hjá stöðinni er heyrnarskertum og einstaklingum með radd- og talmeini veitt heildstæð þjónusta á sviði sjúkdómsgreiningar, meðferðar og endurhæfingar.

III Meginefni frumvarps, bls 8:

Í fyrstu málsgrein er enn hamrað á félagslegum markmiðum en hvergi minnst á þátt eða gildi heilbrigðisþjónustu nýrrar stofnunar.

Tryggja þarf að fjármagn fylgi málaflokkum sem ný stofnun á að taka yfir á næstu 5 árum. Fjárlög 2015 gefa enga slíka vísbendingu.

Síðasta málsgrein um gjaldtökuheimild: „...heimilað verði að taka gjald fyrir þjónustu miðstöðvarinnar..“.

HTÍ vekur enn athygli á því að tryggja þarf sátt allra hópa um gjaldskrá þar sem skjólstæðingar núverandi stofnana búa við mismunandi kjör í dag.

V. Samráð, bls 9:

Vilji þjónustuþega til að færa Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga yfir í nýja stofnun hefur ítrekað komið fram þó að á þessu stigi sé ekki talið rétt að kanna hvort að slík sameining gæti verið til hagsbóta.

Síðasta málsgrein á bls 9 lýsir fyrrgreindum álitamálum varðandi áhyggjur heilbrigðisstarfsfólks um að þjónusta eigi að falla inn í félagslega stofnun.

Tryggja þarf nýja hugsun og viðmið og yfirstíga þá veggji sem enn virðast á milli ólíkra sviða velferðarmála hér á landi.

Síðasta málsgrein kaflans (bls 10) er vangaveltur um þróun félagsþjónustu á alþjóðlegum vettvangi. Ekki er hirt um að skoða þróun heilbrigðisþjónustu á sama vettvangi – Félagsleg viðmið virðast því ríkja hjá höfundum frumvarpsins eins og fyrr er lýst. HTÍ mun fúslega veita frekari upplýsingar um þróun heilbrigðisþjónustu sem lúta að heyrnar- og talmeinum.

VI. Mat á áhrifum, bls 10:

HTÍ telur miklu skipta að síðasta setning kaflans sé varin: „*Ekki er ætlunin að með sameiningunni verði breyting á þeirri þjónustu sem stofnanirnar hafa veitt*“.

Skýring: Engir núverandi þjónustubátta verði aflagðir eða afskiptir, heldur verði samlegðaráhrif nýtt til að gera enn betur á öllum sviðum og fjölga þjónustubáttum.

Umsögn Fjármála-og efnahagsráðuneytis (bls 17):

HTÍ tekur undir athugasemdir FER um að ekki liggi fyrir rekstraráætlun fyrir sameinaða stofnun og því erfitt um vik að meta fjárhagslegan ávinning af sameiningu.

Lauslegt mat ráðuneytis er að uppsafnaður ávinningur verði um 100 M. Kr. á árabílinu 2015-2020.

HTÍ hefur áhyggjur að athugasemd um 9% starfsmannaveltu? Er verið að gera ráð fyrir að ný stofnun megi ekki ráða í stöður sem losna? Þá væri verið að ganga á bak þeirra orða að ekki skuli dregið saman í neinum núverandi þjónustubátta.

HTÍ hefur einnig áhyggjur af vangaveltum í umsögninni um að rekstrarhalli verði fyrstu 1-2 árin, „sem færast milli ára þar til hann fjarar út“. Þetta viðhorf ráðuneytis fjármála gengur einnig í berhögg við yfirlýsingar Velferðarráðuneytis um að ekki skuli fjármagna sameiningu með rekstrarfé stofnananna þriggja. HTÍ skorar á Alþingi að tryggja að staðið verði svo að sameiningu að í engu þurfi að skerða þjónustu sem nú er veitt og að sameiningarkostnaður verði fjármagnaður með viðbótarframlagi ríkisins.

Þá tekur HTÍ undir athugasemd fjármálaráðuneytis um að ekki liggi fyrir neinar áætlanir um kostnað vegna viðbótarverkefna nýrrar stofnunar, ekki liggi fyrir fjöldi þjónustuþega né kostnaðaráætlun, nokkur stöðugildi „byggist upp eftir því sem svigrúm í útgjaldaramma stofnunarinnar gerir kleift“. Orðalag tryggi ekki viðbótarfjármagn til nýrra verkefna.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands leggur áherslu á að vandað verði til verka ef til stendur að fylgja frumvarpi þessu eftir. Við treystum Alþingi til að laga þá hnökra sem á frumvarpinu eru varðandi áframhaldandi heilbrigðisþjónustu við heyrnarskerta og einstaklinga með talmein, annars gæti verið betur heima setið.

Virðingarfyllst

f.h. Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands

Kristján Sverrisson
forstjóri

Ingibjörg Hinriksdóttir
Yfirlæknir